

**84** boðsmanni — skipstjóranum á e/s »Botnia« — þess, sem flutninginn annast, sett 9. júlí á land á fyrsta viðkomustað skipsins, Vestmannaeyjum, og afhent fátækrastrjórinni þar. Vegabryfið og læknisvottorðið gera æfiferilsskýrslu óþarfa; manneskj-an gefst ekki upp í Vestmannaeyjum, heldur er hún flutt þangað sem þurfandi sjúklingur, dvöl hennar þar er hliðstæð sjúkrahúsvist, svo lengi sem hún var þar á fátækraframfæri. Þar sem nú þess utan tilkynning til framfærsluveitarinnar og krafa um endurgreiðslu var send með fyrstu póstferð eða svo fljótt sem kostur var, þá er um enga vanrækslu af hálfu hreppsnefndar Vestmannaeyjahrepps að ræða. Eftir þeim málavöxtum, sem nú hefir verið lýst, á Vestmannaeyjahreppur að fá endurgreiddan allan útlagðan kostnað sinn og þar sem stúlkan var löglega flutt úr Bessastaðahreppi á framfærsluveitin að greiða hina umkröfðu upphæð. Því úrskurdast, að Loðmundarfjarðarhreppur á að greiða Vestmannaeyjahreppi frammannefndar 123 kr. 93 au.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Loðmundarfjarðarhrepps, og annist þjer um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd án tafar.

**85** *Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 15. júlí sveitfesti þurfalings.*

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 28. febrúar þ. á., sem ákveður, að Erlendur nokkur Þorvaldsson skyldi teljast sveitlægur í Reykjavíkurkaupstað og kaupstaðurinn eigi því enga kröfu á hendur Álftaneshreppi til endurgjalds á  $\frac{2}{3}$  hlutum af 30 kr. styrk veittum manni þessum.

Erlendur er fæddur í Álftaneshreppi í Mýrasýslu 14. júní 1882 og dvaldist þar í hreppi þar til hann í september 1901 fluttist til Reykjavíkur, nam söðla-smíði og tók sveinsbrjef í þeirri iðn. Dvaldist hann þar fram á árið 1910 og var þá orðinn kvæntur. Þá um vorið tók hann á leigu til eins árs húsnæði í Þingholtsstræti 26 og bjó þar með konu sinni fram á mitt sumar, en yfirgaf þá íbúðina, er síðan var leigð öðrum frá 1. október og var leigu Erlendar á húsnæði þessu þar með lokið, enda leystu þau hjón upp heimili sitt um sama leyti. Dvaldist konan fyrst sem gestur hjá skyldmönnum sínum á Vitastíg 15 en rjæðst skömmu síðar í vist á Laugarnesspítala og var þar til krossmessu næsta vor. Erlendur sjálfur varð vetrarmaður á tveim bæjum í Seltjarnarneshreppi frá byrjun októbermánaðar til 14. maí vorið eftir, en þá settust hjónin aftur að í Reykjavík. Yfir veturinn kveðst Erlendur hafa komið búshlutum sínum í geymslu á Vitastíg 8 hjá tengdaföður sínum. Haustið 1910 er Erlendar hvergi getið í manntali, hvorki í Seltjarnarneshreppi nje í Reykjavík og greiðir engin lögboðin gjöld í Reykjavík árið 1911.

Með nefndri dvöl í Seltjarnarneshreppi telur borgarstjóri að Erlendur hafi

rofið sveitfestisdvöl sína í Reykjavík, en niðurstaða hins áfrýjaða úrskurðar er **85**  
 byggð á því, að síðasta málsgr. 34. gr. fátækralaganna mæli svo fyrir, að ef maður **15. júlí**  
 ur á fleiri heimili en eitt, þá vinni hann sveit þar, sem aðalaðsetur hans er, en  
 aðalaðsetur Erlendar hafi verið í Reykjavík sveitfestisárið sept. 1910 til jafnlengd-  
 ar 1911, þar eð hann hafi haft þar fast aðsetur bæði fyrir og eftir og skilið þar  
 eftir konu og búshluti.

Eins og áður er sagt, leysti Erlendur upp heimili sitt í byrjun október-  
 mánaðar 1910 og fjekk sjer atvinnu utan kaupstaðarins en kona hans rjeðst í vist.  
 Frá þessum tíma og til 14. maí n. á. hafði hann því ekki heimili í Reykjavík og  
 var hvergi talinn til heimilis þar. Þar eð þurfalingurinn hefir ekkert heimilis-  
 fang haft í kaupstaðnum umrætt tímabil, hefir hann ekki nefnt sveitfestisár full-  
 nægt fyrir mælum 32. gr. fátækralaganna, um sveitfestisvinslu þar, er kveða svo  
 á, að maður þurfi að vera samfleytt búandi, vistfastur eða hafa löglegt heimilis-  
 fang í sveitinni (eða bæjarfjelaginu) hinn lögákveðna tíma. En niðurlagsákvæði  
 34. gr. verður að skilja í samræmi við nefnt ákvæði 32 gr. um samfleytt löglegt  
 heimilisfang allan sveitfestisvinslutimann.

Fyrir því úrskurðast, að nefndur Erlendur Þorvaldsson hafi ekki unnið sjer  
 sjer sveit í Reykjavík kaupstað og á því Álftaneshreppur að endurgreiða, sam-  
 kvæmt kröfu borgarstjóra,  $\frac{2}{3}$  hluta þess styrks, er manni þessum hefir löglega  
 verið veittur úr fátækra sjóði kaupstaðarins eftir 19. desember 1916.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til leiðbein-  
 ingar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Álftaneshrepps.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um sveitfesti þurfalings.* **86**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir skotið til stjórnarráðsins úrskurði yðar, **3. ágúst**  
 herra sýslumaður, dags 1. marz f. á, sem ákveður, að Sigurbjörn nokkur Sig-  
 urðsson skuli teljast sveitlægur í Reykjavík.

Úrskurður í málinu hefir ekki orðið kveðinn upp fyr en nú vegna þess  
 að skjöl málsins — nema sjálft áfrýjunarskjalið — bárust ekki stjórnarráðinu fyr  
 en í vor og þá reyndist það nauðsynlegt að fá ítarlegar rannsakað um dvöl og  
 heimilisfestu þurfalingsins árið 1907.

Sigurbjörn þessi er fæddur í Saurbæjarhreppi í Dalasýslu 7. ágúst 1879  
 og fluttist, eftir því sem næst verður komist, til Reykjavíkur haustið 1902.  
 Haustið 1914 þáði hann þar styrk af fátækra sjóði eftir að tekin hafði verið af  
 honum fyrir lögreglu rjetti hin lögboðna æfiferilsskýrsla og samkvæmt henni leit  
 svo út sem hann öll þessi ár hefði haft þar stöðuga samfleytta dvöl og heimilis-  
 festu, en við frekari rannsókn kom það í ljós, að þurfalingurinn hafði mikinn  
 hluta ársins 1907 dvalið í Borgarnesi og játaði hann þetta sjálfur fyrir lögreglu-  
 rjetti 1916. Spurningin er því sú, hvort þessi dvöl hans í Borgarnesi hefir rofið  
 sveitfestisdvöl hans í Reykjavík. Komist þjer að þeirri niðurstöðu í úrskurði yðar